

## Samstarfssáttmáli Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokks í Borgarbyggð

*Borgarbyggð framtíðar* verður leiðarstefið í samstarfi þeirra sem koma að þessum sáttmála og verður kappkostað að innleiða í ríkara mæli langtímahugsun með skýrum markmiðum og framtíðarsýn. Til þess að slík vinna öðlist gildi þarf að leita eftir frumkvæði og þátttöku íbúa í stefnumótun sveitarfélagsins. Því verða gildi á borð við samvinnu, auðmýkt og traust höfð að leiðarljósi.

### Mannauður, stjórnýsla og fjármál

- Staða sveitarstjóra verði auglýst.
- Unnin verði upplýsinga- og lýðræðisstefna fyrir samfélagið.
- Ný gagnvirk heimasíða verði opnuð á vormánuðum. Fólki af erlendum uppruna verði auðveldað að sækja sér upplýsingar á henni.
- Fundargerðir verði ýtarlegri og fylgigögn þeirra gerð aðgengileg á heimasíðu.
- Borgarbyggð er stór vinnustaður, mannauðsmál og mannauðsstjórnun fá aukið vægi í stjórnýslu sveitarfélagsins.
- Unnið verði að eflingu innviða samfélagsins með jákvæðni að leiðarljósi
- Mikilvægt er að aðhalds verði gætt í rekstri og hagræðingaraðgerðum verði framhaldið. Áfram verði unnið markvisst samkvæmt þeim „vörðum“ sem settar voru inn í aðgerðaráætlunina „Brúin til framtíðar“.
- Unnin verði greining á arðsemi og markmiði með eignarhaldi á hlut Borgarbyggðar í Orkuveitu Reykjavíkur með hugsanlega innlausn eigna í huga. Skal þeirri greiningu verða lokið í september 2016.

### Menntun, saga, menning

- Ný skólastefna Borgarbyggðar verði kláruð.
- Áfram verður unnið að endurskipulagningu á Grunnskóla Borgarfjarðar með það að leiðarljósi að nýta fjármuni sem best, gæði kennslu og þjónusta við nemendur verði sem best og í sátt við íbúa.
- Unnið verði áfram að því að bæta aðstöðu starfsfólks og leikskólabarna á Hnoðrabóli, horft verði til þess að leikskólinn færir að Kleppjárnsreykjum sem fyrst, undirbúningur verði unninn í samstarfi við starfsfólk og foreldra.
- Á Hvanneyri verði áfram unnið að hagræðingu í rekstri skóla, í samstarfi við starfsfólk, foreldrasamfélagið og aðra hagsmunaaðila. Skoðað verði með mögulega samþættingu stjórnunar og húsakosts.
- Áfram verði unnið að undirbúningi á endurbótum og viðbyggingu við Grunnskólann í Borgarnesi.
- Sumarlokun leikskóla verði stytta í tvær vikur, unnið verði að útfærslu í samstarfi fræðslunefndar og forstöðumanna leikskólanna.
- Unnið að útgáfu Frístundakorts til barna og unglunga í Borgarbyggð.
- Stutt verði við framkvæmd á Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarbyggð 2016.
- Gengið verði frá skipan í ungmennaráð og hlutverk þess eflt.
- Öflugt safnastarf er í Borgarbyggð og áfram verði stutt við það eftir föngum, menningarstefnu Borgarbyggðar verði fylgt við mögulegt endurmat á safnastarfsemi sveitarfélagsins.
- Unnið verði að því að auka nýtingu á menningarhúsinu Hjálmakletti.

### Umhverfi, skipulag og samgöngur

- Borgarbyggð stefni í fremstu röð í umhverfis- og sorpmálum, mikilvægt er að vinna að því með íbúum og auka þar með virkni hvað varðar umhverfisvitund alla.
- Unnið verði að uppbyggingu ferðamannastaða í samvinnu við landeigendur og aðra hagsmunaaðila sem og ríkisvaldið.
- Rammaskipulag varðandi nýtingu á Kárastaðalandi og Hamarslandi verði unnið á næstu 2 árum.
- Hugað verði að fjölgun lóða í sveitarfélaginu, íbúapróun hefur verið jákvæð undanfarið ár og þarf lóðaframboð að vera í takt við þá þróun.
- Heildarskipulag fyrir miðsvæði Borgarness verði unnið, hugað verði að umferðaröryggi samhliða þeirri vinnu.
- Þrýst verði enn og aftur á Vegagerðina um að undirgöng verði gerð á móts við leikskólann Klettaborg, samhliða því verði horft til umferðaröryggis við Þjóðveg 1 í gegnum Borgarnes.
- Þrýst verði á Vegagerðina um endurbætur í vegamálum, vegalengdir eru miklar í Borgarbyggð og víða er óviðunandi staða í vegamálum.
- Borgarbyggð verði virkur þátttakandi í ljósleiðaramálum og ljósleiðaravæðingu landsins alls, líkt og í vegamálum er óviðunandi staða hvað varðar nettengingar víða í sveitarfélaginu.

### Verkaskipting og nefndarskipan verður með eftirfarandi hætti:

Forseti sveitarstjórnar:	Björn Bjarki Þorsteinsson
Formaður byggðarráðs:	Geirlaug Jóhannsdóttir
Sveitarstjóri:	Ráðinn eftir auglýsingaferli
Formaður fræðslunefndar:	S-listi
Formaður umhverfis, skipulags og landbún.nefn:	D-listi
Formaður velferðanefndar:	D-listi

- Í stjórn OR verði fulltrúi D og í stjórn Faxaflóahafna fulltrúi S.

Auk fyrrgreindra nefnda sem eru skv.stjórnarskipan Borgarbyggðar þá verða skipaðir vinnuhópar til að fara yfir sérstök verkefni ef þörf krefur.

Borgarbyggð, 19. febrúar 2016

\_\_\_\_\_  
Björn Bjarki Þorsteinsson

\_\_\_\_\_  
Geirlaug Jóhannsdóttir

\_\_\_\_\_  
Jónína Erna Arnardóttir

\_\_\_\_\_  
Magnús Smári Snorrason

\_\_\_\_\_  
Hulda Hrönn Sigurðardóttir